



KENNARASAMBAND
ÍSLANDS



STOFNANASAMNINGUR

Verkmenntaskólans á Akureyri
og
félaga í Kennarasambandi Íslands

Gildir frá 1. ágúst 2017



1. Inngangur

Stofnanasamningur þessi er hluti af kjarasamningi og er meðal annars ætlað að tryggja þróun og stuðla að skilvirkara launakerfi sem tekur mið af sýn, þörfum og verkefnum skólans og starfsmanna hans. Hann er sérstakur samningur milli skólans og félagsmanna KÍ um útfærslu tiltekinna þátta kjarasamningsins að þörfum stofnunar og starfsmanna með hliðsjón af eðli starfsemi, skipulagi og/eða öðru því sem gefur skólanum sérstöðu. Viðræður um stofnanasamning fara fram undir friðarskyldu.

2. Gildissvið

Samningur þessi nær til félagsmanna KÍ sem starfa við Verkmenntaskólann á Akureyri. Samningurinn var gerður 2006, endurskoðaður í maí 2007, júní 2010 og þriðja endurskoðun í október 2017 með gildistöku frá 1. ágúst 2017.

3. Markmið

- Meginmarkmið samningsins er að taka mið af sérstöðu stofnunarinnar sem m.a. felst í fjölbreyttu námsframboði og breiðum nemendahópi. Í því felst að kennarar og stjórnendur búi yfir viðtækri þekkingu og reynslu.
- Samningurinn skal meta til launasetningar þá eiginleika starfsmanna sem mikilvægastir eru til að skólastarfið verði árangursríkt. Í honum skulu felast möguleikar til launaþróunar og hvatning til eflingar í starfi.
- Launakerfið skal vera hlutlægt og gagnsætt en um leið gefa möguleika á að meta persónubundna eiginleika á grundvelli fyrirfram skilgreindra viðmiða.
- Samningurinn endurspeglar jafnréttisstefnu skólans en þar segir m.a. að kynjum sé ekki mismunað við úthlutun verkefna, ákvörðun launa og við ákvarðanir á starfsaðstæðum.

4. Röðun til launa - *Kennarar og stjórnendur með allt að 50% stjórnunarhlutfall*

4.1. Röðun í launaflokka

- Kennari sem hefur fagmenntun til að geta kallast framhaldsskólakennari, iðnmeistari, BA, BS eða önnur próf sem teljast jafngild, raðast í launaflokk 3.

Til viðbótar eru eftirfarandi röðunartilefni:

- Kennari með tvö BA eða BS próf raðast einum flokki hærra í grunnröðun ef hvort próf er 180 ECTS einingar.
- Kennsluréttindi (leyfisbréf), 1 lfl.
- Meistaragráða, MA, MS eða samsvarandi prófgráður, hver meistaragráða gefur 1 lfl.
- Doktorspróf 1. lfl.
- 2 ára kennsluferill eða 5 ára starfsferill í fagi frá hásk.gráðu eða sveinsprófi, 1 lfl.
- 7 ára kennsluferill 1 lfl.
- 15 ára kennsluferill 1 lfl.

Kennarar sem seldu ekki kennsluafsláttinn grunnraðast einum launaflokki lægra en hér er kveðið á um.

4.2. Persónubundnir þættir: Röðun í launaprep

4.2.1. Vegna menntunar sem nýtist í starfi

- 2 þrep: Háskólagráða samsvarandi 180 ECTS einingum.
- 1 þrep til viðbótar fyrir háskólagráðu samsvarandi 240 ECTS einingum.
- 1 þrep til viðbótar fyrir eins árs heildstæða viðbótarmenntun í háskóla (a.m.k. 60 ECTS einingar) sem skólinn nýtir.
- 1 þrep: lönmeistararéttindi í a.m.k. tveimur iðngreinum og/eða vélfræðingur með full réttindi frá Siglingastofnun Íslands, auk meistararéttinda.

4.2.2. Vegna starfsreynslu í fagi og annarrar reynslu (möguleiki á allt að fimm þrepum)

- 1 þrep eftir 2ja ára kennslureynslu innan VMA í meira en 50% starfi.
 - Frá 1. ágúst 2017 fá allir kennarar eitt þrep vegna breytinga á eldra stigakerfi. Teknir eru út flokkarnir *fjölhæfni*, *þróun í kennsluháttum* og *námshæfni*. Ef kennari hættir að kenna áfanga skal hann veita skólanum aðgang að þeim námshögnum sem til hafa orðið vegna kennslunnar sem og kennsluvef áfangans. Þetta á þó ekki við um höfundarvarið efni. Þrepið kemur inn eftir 2ja ára kennslu innan VMA.
- 1 þrep: 5 ára reynsla í starfsgrein (fagi) eftir sveinspróf eða háskólanám, eða 5 ára reynsla sem sviðsstjóri eða umfangsmeiri stjórnun í framhaldsskóla.
- 1 þrep til viðbótar fyrir 10 ára reynslu í faggrein utan skóla.
- 1 þrep til viðbótar fyrir 15 ára reynslu í faggrein utan skóla ásamt með því að hafa rekið fyrirtæki í greininni, stýrt stofnun eða umtalsverðri deild í starfsgreininni í a.m.k. 5 ár. 10 ára reynsla sem stjórnandi í framhaldsskóla í a.m.k. 30% stöðuhlutfalli.
- 1 þrep til viðbótar fyrir 5 ára reynslu af stjórnun í framhaldsskóla í a.m.k. 75% starfshlutfalli.

4.2.3. Tímabundnir þættir (að hámarki þrjú þrep)

Kennari safnar stigum sem gefa álagsþrep þegar ákveðnum fjöldi er náð. Stigakerfið byggist á nokkrum þáttum sem vega mismikið og eru tímabundnir. Mat á stigafjölda byggist á gögnum sem stofnunin heldur utan um og í einhverjum tilvikum á gögnum og rökstuðningi kennara. Kennari ber ábyrgð á því að skila inn gögnum vegna endurmenntunar. Ágreiningsmál eru tekin fyrir í samstarfsnefnd.

Viðmiðin eru:

- 1 þrep - 25 stig
- 2 þrep - 50 stig
- 3 þrep - 75 stig

Sjá nánar í fylgiskjali 1 *Mælikvarðar og nánari útfærslur*.

Yfirsýn yfir stofnunina.

Hér eru gefin 0 eða 10 stig.

Endurmenntun / fagleg störf.

Hér eru gefin 0 eða 10 stig.

Endurmenntun/stærri námskeið

Hér eru gefin 0 eða 10 stig.

Kennsla í áföngum á 1. þrepi á brautabré

Hér eru gefin 0, 10, 20 eða 30 stig.

Reglufesta

Hér eru gefin 0, 10 eða 25 stig.

4.3. Röðun vegna sérstakra verkefna**Eftirfarandi verkefni gefa tilefni til röðunar í launaflokka eða álagsþreps:**

Brautarstjórn, fagstjórn, önnur verkefnisstjórn sem er samfelld yfir starfstíma skólans.

Um starfslýsingar, starfstíma og klukkustundir á önn vísast í gæðahandbók.

- Brautarstjóri raðast einum launaflokki ofar en ella.
- Fagstjóri raðast einum launaflokki ofar en ella.
- Kennari sem hefur umsjón með nýnemum raðast einu álagsþrepi ofar en ella.
- Umsjónarkennarar nemenda á starfsbraut raðast einu álagsþrepi ofar en ella.
- Verkefnisstjóri með stjórnunarhlutfall undir 50% raðast einum launaflokki ofar en ella (t.d. skólahjúkrunarfræðingur, forvarnarfulltrúi og umsjón með erlendum samskiptum).
- Fyrir tímabundin verkefni sem samið er um fyrirfram við skólameistara og gefa ekki tilefni til launaröðunar skal greitt með starfshlutfalli eða tilteknum tímafjölda á önn.

ASV
SJO

5. Stjórnendur með 50% stjórnunarhlutfall eða hærra

5.1. Röðun starfsheitis

Sviðsstjóri grunnraðast í	8. lfl.
Áfangastjóri grunnraðast í	9. lfl.
Aðstoðarskólameistari grunnraðast í	11. lfl.
Námsráðgjafi grunnraðast í	8. lfl.
Gæðastjóri grunnraðast í	7. lfl.

5.2. Viðbótarröðun vegna starfshlutfalls

51-75%	1 lfl.
76-100%	2 lfl.

5.3. Viðbótarröðun vegna starfsreynslu

Eftir 4 ára starf sem stjórnandi í 50% starfshlutfalli eða meira	1 lfl.
--	--------

5.4. Reynsla sem nýtist í starfi

1 lfl.

Stjórnandi sem býr yfir reynslu sem hefur veruleg jákvæð áhrif á hæfni hans til að gegna stjórnunarstarfinu skal hann fá það metið til launa. Annars vegar er horft til a.m.k. 5 ára reynslu af kennslu og kennslutengdum störfum, hins vegar a.m.k. 5 ára stjórnunarreynslu af öðrum starfsvettvangi.

5.5. Menntun

Meistaragráða sem nýtist í starfi (MA, MS eða samsvarandi prófgráður)	1 lfl.
Doktorspróf	1 lfl.

5.2. Álagsprep

5.2.1. Menntun sem nýtist í starfi

Virk endurmenntun	1 þrep
Formleg viðbótarmenntun í stjórnun, a.m.k. 60 ECTS einingar	1 þrep

Virk endurmenntun: Stjórnandi sýnir fram á að hann sæki námskeið og fyrirlestra eða afli sér þekkingar með öðrum hætti sem nýtist í stjórnunarstarfinu. Endurmenntunartíminn þarf að vera 20 tímar á ári að jafnaði þegar horft er til eins ráðningartímabils.

Formleg viðbótarmenntun: Stjórnandi hefur lokið a.m.k. eins árs (60 ECTS einingar) háskólanámi (diplómu) í skólastjórnun eða sambærilegu.

5.2.2. Reynsla af stjórnun í VMA

Eftir 2 ár í starf við stjórnun innan VMA	1 þrep
---	--------

5.2.3. Álagsþættir starfsins

Starfið felur í sér að leiðbeina eða stýra öðrum starfsmönnum	1 þrep
Starfið felur í sér umsjón með nemendum	1 þrep
Álag vegna vinnutarna og afbrigðilegs vinnutíma	1 þrep

Handwritten signatures and initials:
A.V. SIO

5.2.4. Álagsþættir ný verkefni

Viðbótarverkefni

1 þrep

Ef stjórnandi er tímabundið falið að sinna verkefnum sem ekki eru hluti af starfsskyldum hans samkvæmt starfslýsingu skal hækka laun hans um eitt þrep.

6. Hlutverk samstarfsnefndar og meðferð ágreiningsmála

Hlutverk samstarfsnefndar felst í að annast gerð, endurskoðun og breytingar á stofnanasamningi. Þar má nefna að fjalla um nauðsynlegar breytingar vegna nýrra verkefna eða breyttrar vinnutilhögunar. Samstarfsnefndin heldur fundi 1-2 sinnum á skólaári og tekur fyrir erindi frá starfsmönnum eða stjórn stofnunar sem lúta að viðfangsefnum stofnanasamningsins og afgreiðir þau í samræmi við ákvæði kjarasamnings. Fulltrúar í samstarfsnefnd geta óskað eftir fundi í samstarfsnefnd ef þurfa þykir. Skólameistari boðar fulltrúa samstarfsnefndar á fundi.

Farið er með ágreiningsmál samkvæmt gr. 11.4.3.1 í kjarasamningi.

7. Gildistími og endurskoðun

Stofnanasamningurinn gildir frá 1. ágúst 2017 og skal endurskoðun fara fram fyrir 1. ágúst 2019. Ef forsendur breytast s.s. á miðlægum kjarasamningi á samningstímanum sem gefa tilefni til endurskoðunar fyrir 1. ágúst 2019 mun samstarfsnefnd vinna að endurskoðun fyrir þann tíma.

8. Undirritun

Eyrarlandsholti 24. október 2017

f.h. stofnunar

Undirritað af fulltrúum stofnunar:



Sigríður Huld Jónsdóttir skólameistari



Anna María Jónsdóttir aðstoðarskólameistari




Hrafnhildur Haraldsdóttir rekstrar- og fjármálastjóri

f.h. félaga í KÍ

Undirritað af fulltrúum kennara/stjórnenda:



Hermann Tómasson



Elías Þorsteinnsson



Hildur Salína Ævarsdóttir



Baldvin Ringsted

Bókanir

Bókun 1 Um röðun til launa ef starfsmaður á rétt á fleiri en 8 álagsþrepum:

Ef kennari/stjórnandi sem raðast til launa eftir þessum stofnanasamningi telst hafa fleiri en 8 tilefni til álagsþrepa færast viðkomandi í næsta launaflokk ofan við og fær tveimur færri álagsþrep en ella. Ef launaflokkurinn er t.d. 6 og álagsþrepin eru 9 þá telst það vera launaflokkur 7 og álagsþrep 7.

Bókun 2 Yfirlit um röðunartilefni

Vinnumat kennara er birt í Innu á hverri önn og þar kemur fram launaröðun, tímabundnir þættir og stig í stigakerfi. Stigakerfi er vistað í skrá hjá fjármála- og rekstrarstjóra og uppfærast eftir því sem gögn berast. Kennari getur óskað eftir nánari upplýsingum og útskýringum um launaröðun hvenær sem hann vill.

Gögn sem varða starfsmenn eru varðveitt hjá skólameistara í möppu merktri „starfsmannahald“ í samræmi við gæðahandbók skólans. Gögn er varða launaröðun eru geymd í möppu hjá fjármála- og rekstrarstjóra merktri „starfsmannaskrá“.

Fylgiskjal 1 Mælikvarðar og nánari útfærslur

Mælikvarðar og nánari útfærslur á ákvæðum um stigapott vegna tímabundinna þátta sem kennarar geta fengið álagsþrep fyrir.

Viðmiðin eru:

- 1 þrep - 25 stig
- 2 þrep - 50 stig
- 3 þrep - 75 stig

Kennsla í áföngum á 1. þrepi á brautabré

Kennari tekur með reglubundnum hætti að sér kennslu í þessum áföngum.

Til að þetta telji þarf umfang þessarar kennslu að ná einhverju neðangreindra skilyrða:

- 50% stöðuhlutfall eða meira á önninni – 30 stig
- 25-49% stöðuhlutfall á önn – 20 stig
- undir 25% stöðuhlutfall á önn – 10 stig

Stjórnendur skoða hvort kennarar falla undir þessi skilyrði í byrjun annar.

Stigamat samkvæmt þessu ákvæði fer fram í september/janúar ár hvert.

Yfirsýn yfir stofnunina

Formleg þátttaka í starfi sem varðar stofnunina í heild. Þátttaka í vinnuhópum (skólanefnd, skólaráð, erlent og innlent samstarf, framlag til félagsmála kennara og nemenda o.fl.). Fyrst og fremst er horft til síðustu 10 ára.

Tvö mismunandi tilefni gefa 10 stig.

Stigamat samkvæmt þessu ákvæði fer fram í september ár hvert og nær til undangenginna 10 ára.

Endurmenntun / fagleg störf

Kennari sýnir fram á að hann hafi lagt sig eftir að fylgjast með í faggrein og kennslufræði með því að sækja námskeið og uppfæra kennslu sína. Hafi kennari sótt 1 námskeið að meðaltali á ári sl. 3 ár eða getur framvísað tilefnum sem jafngilda því fást 10 stig. Þátttaka í erlendum samstarfsverkefnum og námsferðir erlendis eru ígildi námskeiðs á ári og gildir fyrir það ár sem verkefnið/ferðin nær til. Tilefni geta verið hefðbundin endurmenntunarnámskeið eða námskeið sem gefa a.m.k. fimm háskólaeiningar/námskeið sem er meira en 100 kennslustundir. Kennari skilar staðfestingu háskóla/námskeiðshaldara til stjórnenda. Stigamat samkvæmt þessu ákvæði fer fram í september ár hvert. Kennari fær stigin um leið og gögn berast.

Endurmenntun / stærri námskeið

Kennari sem lýkur námskeiði, sem nýtist í starfi og nemur 100 kennslustundum eða 5 háskólaeiningum, fær 10 stig. Ákvæðið gildir í 8 ár eftir að námskeiðinu er lokið.

Þessi stig falla niður þegar kennari lýkur námi og/eða þegar hann fær þrep vegna viðbótarmenntunar.

Reglufesta

Kennari rækir starf sitt af fyllstu alúð og samviskusemi og leggur sig fram um að framfylgja reglum skólans. Hann skilar á tilsettum tíma þeim gögnum sem ætlast er til. Þar er átt við viðveruskráningu nemenda, skilum á námsáætlunum, miðannarmati, prófhandritum, áfangaskýrslum, einkunnayfirliti, námsmatsgögnum til geymslu og öðru sem stofnunin þarfnast vegna reglulegrar starfsemi. Stigamat samkvæmt þessu ákvæði fer fram í september ár hvert og nær til undangenginna 12 mánaða.

Viðmið:

- Kennari á að skrá viðveru daglega í Innu eða eigi síðar en kl. 16 á síðasta virka degi vinnuviku. Hafi viðvera ekki verið skráð á þeim tíma telst það eitt skipti.
- Námsáætlanir – skil í fyrstu kennsluviku.
- Miðannarmat – samkvæmt skóladagatali.
- Frumrit prófa til fag/brautarstjóra viku fyrir prófadag.
- Próf til skrifstofu tveimur virkum dögum fyrir próf.
- Áfangaskýrslur – í síðasta lagi á sýnidegi námsmats.
- Námsmatsgögn til geymslu í síðasta lagi á sýnidegi námsmats.
- Einkunnayfirlit í síðasta lagi á sýnidegi námsmats.
- Virkir nemendur í fjarnámi – skil á yfirliti til sviðsstjóra fjarnáms. Skiladagar miðast við dagsetningu sem sviðsstjóri fjarnáms tilgreinir til kennara í tölvupósti.

Sömu þættir og taldir eru hér upp gilda alla jafna um fjarnám en eiga ekki við um námskeið.

Skili kennari ekki gögnum á réttum tíma fá þeir „eitt skipti“ fyrir hvern áfanga sem vantar. Fag- eða brautarstjórar skila þeim gátlistum sem þeir hafa fengið á skiladegi. Skili fag- eða brautarstjóri ekki gátlistum á réttum degi fá þeir „eitt skipti“ en það hefur ekki áhrif á kennara brautarinnar/fagsins.

Unnið er út frá skjali frá stjórnendum VMA þar sem fram koma upplýsingar m.a. um skil kennara á þessum gögnum.

Hér eru gefin 0, 10 eða 25 stig.

Viðmið:

- 0 stig: Kennari hefur ekki skilað inn upplýsingum á réttum tíma í átta skipti eða oftar.
- 10 stig: Kennari hefur ekki skilað inn upplýsingum á réttum tíma í fimm til sjö skipti.
- 25 stig: Kennari skilar alltaf inn upplýsingum á réttum tíma eða hefur ekki oftar en fjórum sinnum skilað of seint.